



Heilbrigðisnefnd  
Ásta Möller, formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 134/3  
komudagur 7.6.2007

Framkvæmdastjórn LEB fagnar framkomnu frumvarpi nýrrar ríkisstjórnar um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Lagabreytingunum er ætlað að stíga fyrsta skref til að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja, með því að draga úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu.

Það er hins vegar ljóst, eins og fram kemur í frumvarpinu, að hér er einungis um fyrsta skref að ræða af mörgum í núverandi stjórnarsáttmála, verði við hann staðið.


LEB leggur hins vegar ríka áherslu á að frítækjumarkið, sem í frumvarpinu miðast við 70 ára aldur, verði miðað við 67 ár.


LEB hefur lagt ríka áherslu á að grunnlífeyrir verði hækkaður og að hann verði ekki skertur vegna annarra tekna. Litið verði á grunnlífeyri, greiðslur úr lífeyrissjóðum og séreignarsparnað sem uppsafnaðan sparnað ævitekna og að allar aðrar tekjur verði einungis skattlagðar eins og aðrar launatekjur í samfélaginu.

Húsnæðisbætur, framfærslutrygging og aðrar slíkar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins er ætlað að sjá þeim, sem ekki eiga uppsafnaðan sparnað ævitekna, fyrir afkomuöryggi. Eðlilegt er að skerða slíkar tryggingar, þegar um aðrar eigna- og sparnaðartekjur er að ræða.

Hins vegar er afar mikilvægt að koma á skilgreiningu á, hver afkomutrygging þarf að vera og miða slíkar tryggingagreiðslur TR við hana.

Samþykkt á framkvæmdastjórnarfundum LEB 7. júní 2007.

  
Helgi K. Hjálmsón, formaður LEB

  
Borgþór S. Kjærnested, framkv. stj. LEB